



# Strandabyggð

## Umsókn um styrkveitingu til félaga og félagasamtaka til greiðslu á fasteignagjöldum

### Heiti félags

Nafn	Kennitala	
Lögheimili	Póstnúmer	
Sími	Netfang	

### Forsvarsmaður

Nafn	Kennitala
Lýsing á starfsemi	

### Upplýsingar um fasteign sem sótt er um styrk til greiðslu á fasteignagjöldum

Heimilisfang	Fastanúmer
Notkun fasteignar	

Er fasteign í útleigu að hluta eða öllu leyti?

Já, hlutfall fermetra í leigu er

%

Nei

Er fasteign nýtt undir veitinga- eða verslunarrekstur?

Já, hlutfall fermetra

%

Nei

Eftirtaldar upplýsingar þurfa að fylgja umsókn svo hún sé tekin gild:

Nýjasti ársreikningur

---

Staður og dagsetning

---

Undirskrift umsækjanda

## **2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga:**

Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignarskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttta-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi og mannúðarstörf. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

### **Reglur Strandabyggðar um styrkveitingu til félaga- og félagasamtaka**

#### **1. gr.**

Félög og félagasamtök, sem eru fasteignaeigendur í Strandabyggð, og í húsnæðinu fer eingöngu fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttta-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi og mannúðarstörf, eiga þess kost að sækja um styrki til greiðslu fasteignarskatts af viðkomandi fasteign.

Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda, sem eru lóðaleiga, sorpgjald og vatnsgjald.

#### **2. gr.**

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að álögðum fasteignaskatti viðkomandi árs til hvers félags.

Séu fasteignir þær sem um ræðir í 1. gr. jafnframt notaðar til annarra nota en að framan greinir skal styrkur veittur í réttu hlutfalli við slík not.

Styrkur skal ekki reiknast vegna þess hluta húsnæðis sem:

- a) nýttur er til annars en meginstarfsemi félags eða félagasamtaka
- b) nýttur er undir veitinga- eða verslunarrekstur
- c) er í útleigu

#### **3. gr.**

Sækja skal um styrki til sveitarstjórnar samkvæmt ofansögðu á þar til gerðum eyðublöðum sem liggja fram á skrifstofu sveitarfélagsins ásamt þeim fylgigögnum sem þar kann að verða beðið um hverju sinni. Sveitarstjórn getur óskað frekari gagna en þar er beðið um, telji sveitarstjórn að slíkt kunni að vera nauðsynlegt við mat á umsóknum.

#### **4. gr.**

Í janúar ár hvert skal auglýst á heimasíðu Strandabyggðar eftir umsóknum um styrki til greiðslu fasteignaskatts. Umsóknum um styrki skal skilað fyrir lok febrúar og er miðað við að úthlutun og greiðsla styrks sé lokið mánuði eftir að umsóknarfrestur er liðinn.

#### **5. gr.**

Sveitarstjóri í umboði sveitarstjórnar móttækur og afgreiðir umsóknir skv. reglum þessum.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu umsóknar. Veittur styrkur skal færður til lækkunar á fasteignagjöldum umsækjanda.

#### **6. gr.**

Við alla meðferð skv. reglum þessum skal gætt að reglum stjórnáslulaga nr. 37/1993.

Sætti aðili sig ekki við afgreiðslu sveitarstjórnar á umsókn getur hann óskað eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993.

Reglur þessar eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum og með vísan til 7. gr. í reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.